

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **64**
 gjalddaga á hundraðsgjaldi affasteignarsölum. — Í brjefi frá 6. f.m. 20. marz
 hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá álitu yðar um brjef sýslumannsins í Árnessýslu viðvíkjandi hundraðsgjaldi af 700 kr. milligjöf við skipti á jörðunum Narfakoti í Gullbringusýslu og Austurey í Árnessýslu. Átti sá, er við skiptin eignaðist Narfakot að greiða milligjöfina, en sýslumaður í Árnessýslu hafði krafizt hundraðsgjaldsins af eiganda Austureyjar, þegar hann afhenti skiptaskjalið til þinglesturs í Árnessýslu, og gat ekki sannað, að hundraðsgjaldið hefði verið borgað.

Með því að milligjöf sú, er hjer ræðir um, er hluti af verði jarðarinnar Narfakots, álitíð þjer, herra amtmaður, að heimild hafi ekki verið til að heimta hundraðsgjaldið borgað, fyr en skiptaskjalið kæmi til þinglesturs í þinghá jarðar þessarar, því hundraðsgjaldið hvíli á afhendingu eignarrjettarins, en hún geti að ætlun yðar samkvæmt 4. gr. tilsk. 24. apríl 1833 ekki talizt að vera um garð gengin fyr en viðkomandi heimildarskjal sje þinglesið á rjettum stað.

Það er nú að vísu svo, að samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein á maður sá, er kaupir jörð, það á hættu, ef hann lætur ekki þinglesa heimildarskjal sitt, að skuldheimtumenn seljanda, erfingjar hans eða aðrir hlutaðeigendur brigði jörðina, en að öðru leyti fær kaupandi með löglegu heimildarskjali öll eignarráð yfir jörðunni, og virðist þinglesturinn, þó hann sje nauðsynlegur til að tryggja eignarrjettinn gegn lagaríptingum, því siður verða talinn liður í afhendingunni á þessum rjetti, sem hann getur farið fram, og í rauninni optast fer fram, án þess að sá, sem afsalaði sjer eignarrjettinum, viti af því. Með því að gefa út löglegt afsalsbrjef fyrir jörð, sleppir seljandi öllum eignarráðum yfir jörðunni, en kaupandi tekur við þeim, og verður eigandi með því bandi eða þeirri byrði sem leiðir af nefndum brigðum. Í 1. gr. tilsk. 8. febr. 1810 er nú fyrirskipað, að hundraðsgjald skuli greitt í hvert sinn, er fasteign gengur kaupum og solum milli manna; gjald þetta er því að rjettu lagi fallið til borgunar undir eins og afsalsbrjef er gefið út fyrir jörð, og þetta kemur einnig heim við 8. gr. nýnefndrar tilskipunar. Er þar ekki ákveðinn neinn gjalddagi fyrir hundraðsgjaldinu; en það er bannað að þinglesa heimildarskjal að jörð, áður en sannað sje, að hundraðsgjaldið hafi verið greitt. Sýslumaðurinn í Árnessýslu virðist því hafa haft rjett fyrir sjer, er hann heimtaði sönnun fyrir greiðslu á hundraðsgjaldinu undir eins og jarðaskiptabrjefið var honum afhent til þinglesturs, og með því að báðir þeir, er semja um jarðaskipti, verða að bera ábyrgð gagnvart lands-sjóðnum á hundraðsgjaldi því, er greiða ber samkvæmt 2. gr. b tilskipunar frá 8. febr. 1810, hefir sýslumaðurinn hinn sama rjett til að kalla eptir hundraðsgjaldinu hjá þeim, er beiddist þinglestursins, og hann hefir til að krefjast borgunar á þinglestursgjaldinu. Aptur á móti verður það sök þess, er beiddist þinglestursins í Árnessýslu, að krefjast endurborgunar á hundraðsgjaldinu af þeim, er það á að greiða samkvæmt jarðaskiptabrjefinu.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þókanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nefndarálitíð í* **65**
 skólamálinu. — Með þókanlegu brjefi 20. okt. f. á. hafið þjer, herra landshöfð- 7. apríl.
 ingi, sent hingað þrjú frumvörp, er nefnd sú hefir samið, er sett var með konungsbrjefi 29. okt. 1875 til þess að íhuga hið íslenska skólamál, og eru það:

Hinn 3. maí 1877.